

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1190
komudagur 23.2.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstæti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. febrúar 2007
ÁPS/KSG/014/07

Efni : Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála.

1. Hækkun tekjutryggingar

Tillagan felur í sér kjarabót fyrir lífeyrisþega. Þetta mun þó auka það vandamál að stór upphæð geti fallið á einni krónu vegna þess að við þessa breytingu getur hærri tekjutrygging fallið vegna þess að grunnlífeyrir fellur.

2. Frítekjumark vegna atvinnutekna

Þetta er kjarabót fyrir lífeyrisþega með hærri atvinnutekjur en nemur núverandi frítekjumarki atvinnutekna. Þetta eykur væntanlega áhuga lífeyrisþega á að afla sér tekna af atvinnu.

Þetta getur aukið þá upphæð tekjutryggingar, sem fellur á krónunni við fall grunnlífeyris, ef um er að ræða sambland tekna af atvinnu og fjármagnstekna. Ef aftur á móti aðeins er um að ræða tekjur af atvinnu verður 60% reglan tekin við þegar kemur að núllmarki grunnlífeyris og því breytist ekki upphæð tekjutryggingar við þær tekjur vegna þessarar reglu.

3. Hækkun vasapeninga og hækkun stofnanafrítekjumarks

Þetta er kjarabót fyrir vistmenn á stofnunum. Allir vistmenn munu fá kjarabót ef báðar þessar breytingar verða að lögum og kemur það þá að einhverju leyti á móti þeirri kjararýrnun, sem stór hluti þerra varð fyrir vegna breytinga um síðustu áramót og verður að óbreyttu fyrir vegna fyrirhugaðra breytinga um næstu áramót.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



4. Lífeyrir aftengdur tekjum maka

Þetta er kjarabót fyrir lífeyrisþega, sem eiga maka með hærri tekjur af atvinnu en þeir eru sjálfir með. Ef hins vegar maki er með lægri tekjur af atvinnu er um kjararárnmun að ræða. Þó má reikna með að ef hjón eru bæði lífeyrisþegar hafi þetta óveruleg ef nokkur áhrif á samanlagðar greiðslur til þeirra beggja.

Ljóst er að þetta mun einfalda bótakerfi lífeyristrygginga verulega.

Í flestum tilfellum dregur þetta úr því vandamáli að stór upphæð geti fallið á einni krónu vegna þess að við þessa breytingu verður tekjutrygging í flestum tilfellum lægri en samkvæmt núverandi reglum þegar tekjur ná því marki að grunnlífeyrir fellur. Þó mun þetta hækka tekjutryggingu á því tekjubili ef maki er með enn hærri tekjur af atvinnu en það. Þetta lækkar þó þá upphæð sem hæst getur fræðilega fallið á krónunni.

5. Aldraðir öryrkjar haldi örorkuuppþót


Þetta dregur úr lækkun bóta við það að fara af örorkulífeyri yfir á ellilífeyri. Þetta getur orðið talsverð kjarabót fyrir ellilífeyrisþega, sem lengi hafa verið öryrkjar.

Vakin er athygli á að þetta leiðir til þess að ellilífeyrisþegi, sem var örorkulífeyrisþegi fær hærri bætur en ellilífeyrisþegi, sem ekki hefur verið örorkulífeyrisþegi en er samt með sömu tekjur úr lífeyrissjóði.

6. Afkomutrygging lífeyrisþega

Ekki kemur skýrt fram hvornig á að framkvæma þessa hugmynd og því er ekki forsenda til að koma með fræðilega umsögn um hana á þessu stigi málsins. Tryggingastofnun hefur þó áður lýst sig fylgjandi því að skilgreind verði ákveðin framfærslumörk.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason, forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

